

dreifibréf

Reykjavík, 25. nóvember 2015

Tilvísun: 2015110037/41.1

Verknúmer: 1373001

Efni: Jarðhitanotkun um borholur Orkustofnunar

Ágæti viðtakandi.

Staða eldri nýtingarleyfa og nýting á jarðhita í Ölfusdal er um þessar mundir til sérstakrar athugunar hjá Orkustofnun. Notendur jarðhita á umræddu svæði í Ölfusdal hafa verið skilgreindir og ert þú á meðal þeirra. Meðfylgjandi fylgiskjal (fylgiskjal 1) sýnir kort af áætlaðri legu hitaveitulagna og auðkenningu borholna Orkustofnunar sem þú er talin tengjast við (sjá fylgiskjal 4).

Eftirlit með nýtingu jarðhita er hjá stofnuninni samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (hér eftir auðlindalaga). Leyfisveitingarvald vegna nýtingar jarðhita er hjá stofnuninni, sbr. 6. gr. auðlindalaganna. Þá er það einnig hlutverk Orkustofnunar að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun. Til að sinna hlutverki sínu er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, sbr. 5. mgr. 2. gr. laganna.

Orkustofnun veitir tilteknum leyfishafa, samkvæmt umsókn hans, nýtingarleyfi á jarðhita í samræmi við 6. gr. auðlindalaga á tilteknu svæði. Við undirbúning að útgáfu nýtingarleyfis leitar Orkustofnun umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sveitarfélagsins, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga og landeigenda og eftir atvikum annarra aðila máls með vísan til ákvæða 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sveitarfélagið hefur forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu, sbr. 13. gr. auðlindalaga. Auðlindalögin gera ráð fyrir að samkomulag sé gert við eigendur jarðhitaréttinda um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna.

Auk þess að fara með nýtingarleyfi og eftirlit, skv. fyrrgreindum lagaheimildum, er Orkustofnun eigandi borholna og mannvirkja þeirra sem slíkra í Ölfusdal, sem hún tók við af Jarðvarmaveitum ríkisins skv. ákvörðun stjórnvalda. Í ljósi þess að hlutverk Orkustofnunar er annað í dag en það var, þ.e.a.s. að stofnunin fer með leyfisveitingarvald og eftirlitshlutverk eins og að ofan greinir, þá ætlar Orkustofnun að afsala mannvirkjum þessum, þ.e. borholum Ölfusdal (HV-1 til HV-8) annað hvort með beinum samningum eða í kjölfar auglýsingar eftir umsóknum um nýtingarleyfi á grundvelli 19. gr. auðlindalaga sem fæli í sér yfirtöku á tilgreindum mannvirkjum og þeirri nýtingu sem á sér stað um þær og þeirri ábyrgð sem fylgir því að eiga og rekar borholur á háhitasvæðum.

Orkustofnun hefur sökum þessa á undanförmum misserum unnið að því að kortleggja þá notkun sem er fyrir hendi á svæðinu um borholur stofnunarinnar og á sér upphaf fyrir gildistöku auðlindalaga frá árinu 1998. Kanna verður réttarstöðu þeirra áður en Orkustofnun afsalar mannvirkjunum, þannig að

gætt sé í senn hugsanlega lögmætra hagsmuna þeirra aðila sem þegar hafa réttindi og þeirra sem kunna að fá nýtingarleyfi síðar og taka við ábyrgð á rekstri umræddra holna og svæðinu í heild sinni, þannig að réttindi og skyldur allra málsaðila liggi fyrir og séu skilgreind. Það er markmið Orkustofnunar að núverandi notkun falli m.a. að núgildandi löggjöf og eftirliti Orkustofnunar um nýtingu auðlindarinnar.

Meðan þessi vinna fer fram hjá Orkustofnun, sem að ofan greinir, mun stofnunin ekki taka afstöðu til nýrra umsókna um nýtingarleyfi á svæðinu. Það verður gert þegar fyrir liggur hvernig og á hvaða forsendum núverandi nýtingu er háttáð á svæðinu og þá að öllum líkindum auglýst eftir umsóknum um nýtingarleyfi fyrir svæðið í heild sinni á grundvelli 19. gr. auðlindalaga sem kveður á um heimild stofnunarinnar til þess að auglýsa eftir slíkum umsóknum. Hafa ber þó í huga að viðkomandi sveitarfélag hefur forgangsrétt til nýtingarleyfa á jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

Með vísan til ofanritaðs óskar Orkustofnun nú eftir upplýsingum frá núverandi notendum hvernig jarðhitanotkun sé háttáð hjá viðkomandi aðila, hverjum fyrir sig, og hvaða heimildir liggi til grundvallar þeirri notkun, þ.e. hvort nýtingarleyfi liggi fyrir, og þá frá hvaða tíma. Eftir atvikum er óskað upplýsinga um aðrar nýtingarheimildir svo sem samninga um jarðhitaréttindi eða samning við hitaveitu, og þá hvaða. Einnig hvernig sé háttáð eignarréttindum lands eða mannvirkja sem tengjast jarðhitanýtingu og dreifingu hans eða öðrum skyldum réttindum. Einnig óskar Orkustofnun eftir afstöðu þinni hvort hitaveitulagnir frá borholu hafi verið lögð og henni viðhaldið á þinn kostnað og hvort það sé afstaða þín að umræddar lagnir séu þín eign og að viðhald þeirra sé á þína ábyrgð. Orkustofnun hefur áætlað orkuþörf miðað við mismunandi tilgang húsnæðis og stærð þess. Fylgiskjal 3 sýnir útreikninga stofnunarinnar miðað við gefnar forsendur fyrir orkuþörf og væntanlegs kostnaðar við hitaveiturekstur til viðmiðunar. Ef þín orkuþörf er óþekkt mun Orkustofnun miða við þessar forsendur út frá uppgefnu húsrými í Þjóðskrá að teknu tilliti til flutningstapa og eiginleika jarðhitavökvans. Til þess að svara ofangreindu hefur Orkustofnun útbúið sérstakt eyðublað sem stofnunin óskar eftir að sé útfyllt og undirritað og sent stofnuninni (fylgiskjal 2). Fylgiskjalið er að hluta til forskráð með vísan til þeirra fasteigna sem um ræðir.

Það er markmið Orkustofnunar að tryggja til lengri tíma nýtingu á jarðhita í Ölfusdal, og skapa eftir atvikum skilyrði fyrir aukinni nýtingu sem getur staðið undir rekstrar- og viðhaldskostnaði á þjóðhagslega arðbæran hátt, án þess að af nýtingunni skapist hætta eða tjón sem mögulega getur orðið ef nýting sem þessi á sér stað án vitundar og samþykkis eiganda mannvirkjanna og án tilskilinna leyfa.

Með vísan til 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 bendir Orkustofnun á að allir hlutaðeigandi málsaðilar hafa rétt til að leggja fram andmæli við ákvarðanir Orkustofnunar áður en stofnunin tekur endanlega ákvörðun í málinu.

Svar óskast sent Orkustofnun í landpósti eða með tölvupósti á netfangið os@os.is fyrir 11. desember nk. Hægt er að óska eftir rafrænu eintaki af bréfi og fylgiskjölum með fyrirspurn á os@os.is sé þess óskað. Berist ekki svar innan tilskilins frests lítur Orkustofnun svo á að viðkomandi telji sig ekki njóta neinna réttinda né hyggst nýta andmælarétt sinn að svo stöddu við fyrirætlanir stofnunarinnar.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra

Jónas Ketilsson

Skúli Thoroddsen

yfirverkefnisstjóri

lögfræðingur

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 – Lega hitaveitulagna og auðkenning borholna Orkustofnunar í Ölfusdal

Fylgiskjal 2 – Eyðublað – Jarðhitanotkun um borholur Orkustofnunar

Fylgiskjal 3 – Áætluð orkuþörf og kostnaður til hitaveiturekstrar

Fylgiskjal 4 – Eigendalisti í Ölfusdal